

hverja byrjaða 500 metra þar fram yfir, enda reiknast fjarlægðirnar að jafnaði eftir lengd aðalsímalínu. Standi hús meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðalsímalínur liggja, greiðist aukagjald, sem bæjarsímastjóri ákveður í hvert skipti. **68**
22. júní

Fjórða málsgrein II. kafla orðist þannig:

Framangreind gjöld miðast við síma innan takmarka, sem liggja 1 km. eftir aðalsímalínunum utan Hringbrautar í Reykjavík, en þó lengist þessi fjarlægð upp í 1,50 km. til Skerjafjarðar. Í Hafnarfirði gilda framangreind gjöld innan þéttbryggðra hluta Hafnarfjarðar. Utan þessara takmarka reiknast fjarlægðargjöld: kr. 2.50 ársfjórðungslega fyrir hverja af þrem byrjuðum fyrstu 500 metrnum, en kr. 3.75 fyrir hverja byrjaða 500 metra þar fram yfir, enda reiknast fjarlægðirnar að jafnaði eftir lengd símalínu.

Sjötta málsgrein sama kafla orðist þannig:

Sé lína einhvers notanda oft á tali að dómi bæjarsímastjóra, getur bæjarsíminn krafizt þess, að notandinn bæti við sig línu.

Framangreind gjaldskrárbreyting, sem sett er samkvæmt lögum nr. 12, 20. október 1905, gildir frá 1. júlí þessa árs og birtist til leiðbeiningar öllum, sem hlut eiga að máli.

Póst- og símamálastjórnin, 22. júní 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Guðmundur J. Hlíðdal.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð frá 14. júní 1933 um rafrokvirki.

69

1. júlí

2. töluliður 25. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Píputaugar (PT) eru gúmaðar taugar klæddar samfelldri kápu úr látúni eða jární. Kápan má ekki vera þynnri en 0,2 mm. og sé hún úr jární, skal það vera blýað eða með alumíníumhúð. Undir málmkápunni skal vera harðgúmslag um taugarnar og falla þétt að þeim, og skal málmkápan falla þétt að harðgúminu. Píputaugar skulu hafa grunntengivír, og skal hann vera ber og liggja þétt undir eða í málmkápunni.

Gildleiki eirvírs tauganna má vera frá 1,5 til 6 mm².

Píputaugar skulu þurrar þola í ½ klst. 2000 volta riðspennu milli málmkápu og eirvírs og á milli víra.

Píputaugar má aðeins nota á þurrum stöðum. Við þær má aðeins nota viðeigandi búnað (greinidósir m. m.) sem viðurkenndur er af rafmagnseftirliti ríkisins. Þær skulu lagðar eftir reglum, sem rafmagnseftirlitið setur um það.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. júlí 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.